

Nd.

387. Frumvarp til laga

[216. mál]

um Landsvirkjun.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Á ríkissjóður 50% eignarhluta í fyrirtækinu, Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%.

Hver eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna.

2. gr.

Tilgangur Landsvirkjunar er:

1. Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu.
2. Að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínakerfi landsins.
3. Að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar.
4. Að vinna að því, í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt er talið.
5. Að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

3. gr.

Orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt eftir því sem raforkuver hennar og stofnlínakerfi spanna.

Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa raforkuver og stofnlínakerfi af öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.

Verkefni og orkusvæði Landsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglugerð.

4. gr.

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.

Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dagsettum 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

5. gr.

Ríkissjóður, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa lagt Landsvirkjun til stofnframlög, sbr. 4. gr. og sameignarsamning aðila frá 27. febrúar 1981.

Landsvirkjun greiðir eigendum arð af sérstökum eiginfjárframlögum sem þeir hafa lagt fram til Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar og munu leggja fram til Landsvirkjunar.

Eiginfjárfraðlög skv. 2. mgr. skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður stjórn Landsvirkjunar arðgreiðsluna sem hundradshluta þeirrar fjárhæðar.

Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins.

6. gr.

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.:

- Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli.
- Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli.
- Villinganesvirkjun með allt að 40 MW afli.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

7. gr.

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim sem fer með orkumál uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

8. gr.

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð níu mönnum. Sameinað Alþingi kýs fjóra stjórnarmenn hlutfallskosningu, borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá stjórnarmenn og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Sameiginlega skipa eignaraðilar níunda manninn og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun formanns, skal hann skipaður af Hæstarétti.

Varamenn, jafnmargir, skulu kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurskipa stjórnarmenn.

Nánari ákvæði um starfshætti stjórnarinnar og starfskjör stjórnarmanna skulu sett í reglugerð.

Ráðherra sá sem fer með orkumál tilnefni einn mann ásamt varamanni til setu á fundum stjórnar og skal hann hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Stjórn Landsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdum þess og undirbúningi þeirra.

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu.

Forstjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins og skal hann eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í reglugerð.

10. gr.

Halda skal í aprílmánuði ár hvert ársfund Landsvirkjunar. Fulltrúar á ársfundi skulu vera sem hér segir:

Fjórir menn tilnefndir af ráðherra orkumála, fjórir menn kosnir af Reykjavíkurborg, fjórir menn kosnir af Akureyrarbæ og fjórir kosnir á aðalfundi hverra hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í reglugerð skal nánar kveðið á um kosningu fulltrúa á ársfund. Varamenn skulu skipaðir eða kosnir á sama hátt og aðalmenn.

Stjórn og forstjóri Landsvirkjunar skulu sitja ársfundinn.

Verði um að ræða fjölgun eignaraðila skal taka skipan ársfundar til endurskoðunar.

11. gr.

Á ársfundinum skal kynna afkomu Landsvirkjunar og áætlanir og ræða þau atriði er þar koma fram. Skal þar sérstaklega fjalla um mál er varða öryggi í vinnslu og flutning raforku um landið svo og atriði er varða raforkuverð. Þá skal á ársfundi ræða raforkumál er varða einstaka landshluta eftir því sem ástæða er til.

Nánari ákvæði um fundarsköp og starfssvið ársfundarins skal setja í reglugerð.

12. gr.

Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins. Ennfremur er eignaraðilum hverjum um sig heimilt að tilnefna endurskoðanda til að endurskoða reikningana. Ársskýrsla fyrirtækisins skal lögð fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs.

Nánari ákvæði um reikningshald og endurskoðun skal setja í reglugerð.

13. gr.

Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar setur, að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar, gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kWst á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins.

14. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila.

Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki.

15. gr.

Heimilt er vegna virkjanaframkvæmda skv. 1. mgr. 6. gr. að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af efni, vélum og tækjum til virkjana og stofnlína þeim tilheyrandi. Sama skal gilda um eldsneytisafstöðvar.

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Þó skal heimilt að endurgreiða gjöld vegna notkunar vinnuvéla við virkjunarframkvæmdir skv. 1. mgr. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við virkjunarframkvæmdirnar.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og getur þar m. a. kveðið á um fyrningargrunn og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslna gjalda af vinnuvélum.

16. gr.

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum Landsvirkjunar skv. öðrum lagafyrirmælum.

17. gr.

Sýslufélögum, sveitarfélögum, samtökum þessara aðila og sameignarfélögum þeirra er heimilt að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun með þessum skilyrðum:

1. Sá sem hyggst hagnýta sér rétt til að gerast eignaraðili skal tilkynna það stjórn Landsvirkjunar með 12 mánaða fyrirvara.
2. Sá sem eignaraðildar óskar tekur á sig þær skuldbindingar sem fylgja eignaraðild í Landsvirkjun.
3. Sá sem eignaraðildar óskar skal leggja fram verðmæti er nema skulu minnst 1% af endurmetnum höfuðstól Landsvirkjunar í upphafi þess árs er eignaraðild kemur til framkvæmda.

Áður en eignaraðild kemur til framkvæmda skal hinn nýi eignaraðili inna af hendi framlag sitt til fyrirtækisins. Verði eignarhlutur ríkisins samkvæmt þessu undir helmingi skal ríkisstjórnin leggja Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taka að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði helmingseign af hálfu ríkisins.

Ef nýr eignaraðili á minni hlut í Landsvirkjun en sá sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara, þarf ekki að leita samþykkis hans til lántöku, sbr. 14. gr.

Ef fjölgun eignaraðila leiðir til þess að nýr eignaraðili hafi jafnan eða stærri hlut en sá aðili sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara, skal taka skipan stjórnar til endurskoðunar og fjölga stjórnarmönnum án þess þó að stjórnarhlutdeild raskist milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar.

18. gr.

Ráðherra getur heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

19. gr.

Mál er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Landsvirkjun falla undir ráðherra þann er fer með orkumál.

20. gr.

Nýr sameignarsamningur um Landsvirkjun milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, sem gerður var 27. febrúar 1981, tekur gildi hinn 1. júlí 1983. Fellur þá úr gildi

sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1. júlí 1965.

Eignaraðilar undirbúi, í samráði við stjórn Landsvirkjunar, reglugerð fyrir fyrirtækið þar sem setja skal nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðherra sá sem fer með orkumál.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Landsvirkjun nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969 og lög nr. 37 frá 16. apríl 1971, svo og önnur ákvæði í lögum eða reglugerðum sem brjóta í bága við lög þessi. Einnig falla úr gildi, hinn 1. júlí 1983, lög um Laxárvirkjun nr. 60 frá 20. maí 1965.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er samið af viðræðunefndum ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um endurskoðun Landsvirkjunarlaga.

Aðdragandinn að skipun viðræðunefnda þessara er að hinn 27. febrúar 1981 var undirritaður á Akureyri sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun. Samkvæmt samningnum mun Akureyrarbær, hinn 1. júlí 1983, gerast meðeigandi í Landsvirkjun og leggur til hennar eignarhlut sinn í Laxárvirkjun. Í 5. tl. ákvæða til bráðabirgða með þeim samningi segir að á aðlögunartímabilinu séu aðilar sammála um að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi stjórnarkjörs Landsvirkjunar og nauðsynlegri lögfestingu á samkomulagi þeirra þar að lútandi. Auk ákvæða um stjórnarkjör var það álit eignaraðila að nauðsynlegt væri að lögfesta önnur atriði sameignarsamningsins, t. d. skilgreiningu á hlutverki og starfssvæði fyrirtækisins, eignarhlutdeild, höfuðstól og arðgreiðslum.

Með samningi sem undirritaður var í Reykjavík 11. ágúst 1982 var samið um að Landsvirkjun yfirtæki hinn 1. janúar 1983 til eignar og reksturs meginstofnlínukerfi landsins, svokallaðar byggðalínur. Jafnframt var, með vísun til 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver, samið um að Landsvirkjun myndi reisa og reka Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun, sbr. og þingsályktun, dags. 6. maí 1982. Með gerð samnings þessa hefur orðið grundvallarbreyting á hlutverki og starfssviði Landsvirkjunar. Hlutverk Landsvirkjunar hefur þannig vaxið í að reisa og reka öll meiriháttar raforkuver í landinu og annast raforkuflutning milli landshluta. Starfssvæði fyrirtækisins verður nánast landið allt. Með samningnum skuldbindur Landsvirkjun sig til að selja raforku í heildsölu samkvæmt sömu gjaldskrá til allra landshluta. Hið breytta hlutverk og starfssvið Landsvirkjunar kallar því á breytingar á ákvæðum laga um Landsvirkjun.

Með hliðsjón af ofangreindum samningum og með vísun í bréf borgarstjórans í Reykjavík til iðnaðarráðherra, dags. 15. október 1982, um endurskoðun laga um Landsvirkjun, leitaði iðnaðarráðherra eftir því í samhljóða bréfum til Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar, dagsettum 28. október 1982, að sveitarfélögin tilnefndu fulltrúa til viðræðna um endurskoðun laga um Landsvirkjun. Jafnframt tilkynnti iðnaðarráðherra að hann hefði tilnefnt af hálfu ríkisins til viðræðnanna þá:

Tryggva Sigurbjarnarson, verkfræðing,
Helga Bergs, bankastjóra,
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóra og
Halldór J. Kristjánsson, lögfræðing, sem ritara.

Í framhaldi af bréfi þessu voru tilnefndir til viðræðnanna:
Af hálfu Reykjavíkurborgar:

Davíð Oddsson, borgarstjóri,
Birgir Ísl. Gunnarsson, alþingismaður,
Sigurjón Pétursson, borgarfulltrúi og
Kristján Benediktsson, borgarfulltrúi.

Af hálfu Akureyrarbæjar:

Valur Arnþórsson, kaupfélagsstjóri,
Jón G. Sólnes, fyrrverandi alþingismaður og
Helgi Bergs, bæjarstjóri.

Nefndirnar komu saman til fyrsta fundar 22. nóvember 1982 og hafa verið haldnir 9 formlegir viðræðufundir, hinn síðasti fór fram 28. janúar 1983. Á þeim fundi var undirrituð sameiginleg bókun nefndanna um samkomulag um frumvarp það til laga um Landsvirkjun sem hér liggur fyrir.

Helstu nýmæli samkvæmt frumvarpinu eru:

(1) Breytt er ákvæðum laganna um eignarhlutdeild eignaraðila. Eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun og með því að ríkissjóður hefur, með ákvæði 8. gr. 3. tl. samningsins frá 11. ágúst 1982, tekið að sér greiðslu vegna áframhaldandi 50% eignaraðildar ríkissjóðs að Landsvirkjun, verður eignarhlutdeild þannig: Ríkissjóður 50%, Reykjavíkurborg 44.525% og Akureyrarbær 5.475%.

(2) Með hliðsjón af breyttu hlutverki og starfssvæði Landsvirkjunar er ákvæðum um hlutverk Landsvirkjunar breytt á þann veg að starfssvæði fyrirtækisins nær að heita má til landsins alls. Kveðið er á um hlutverk fyrirtækisins að hafa með höndum meginhluta orkuöflunar og heildsölu raforku í landinu. Aukin er skylda Landsvirkjunar til að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

(3) Starfssvæði Landsvirkjunar er skilgreint sem orkusvæði og er ákveðið landið allt, eftir því sem raforkuver fyrirtækisins, stofnlínur og aðveitustöðvar spanna.

(4) Ákvæðum laganna um stofnframlög og eiginfjárframlög er breytt til samræmis við ákvæði sameignarsamningsins þar um.

(5) Til samræmis við skuldbindingu Landsvirkjunar samkvæmt samningum 11. ágúst 1982 og samkvæmt sameignarsamningnum 27. febrúar 1981 er lagt til að lögfest verði að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna frá afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

(6) Breytt er ákvæðunum um einfaldar ábyrgðir eignaraðila á skuldbindingum Landsvirkjunar.

(7) Felld eru úr gildi ákvæði sem sérstaklega eiga við um Búrfellsvirkjun og ábyrgðir hennar vegna.

(8) Landsvirkjun fær nú það hlutverk að reisa og reka öll meiriháttar raforkuver í landinu og starfrækja meginstofnlínukerfi landsins, hinar svokölluðu byggðalínur, en hringtengingu þeirra verður væntanlega lokið á árinu 1983. Nær þá starfssvæði fyrirtækisins til allra landshluta. Með hliðsjón af því er lagt til að lögfest verði að önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafi möguleika á að gerast eignaraðilar að fyrirtækinu.

(9) Með tilliti til þess að Landsvirkjun mun starfa í öllum landshlutum er lagt til að komið verði á föstum samráðsvettvangi við samtök sveitarfélaga í hinum einstöku landshlutum um málefni fyrirtækisins. Í frumvarpinu er lagt til að haldnir verði ársfundir með þátttöku fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, þar sem kynntar verði áætlanir og afkoma Landsvirkjunar og þar sem fulltrúar sveitarfélaga geta komið sjónarmiðum um málefni Landsvirkjunar á framfæri.

(10) Stjórnarfyriorkomulagi er breytt þannig að stjórnarmönnum er fjölgað um tvo og

kjörtímabil stjórnar er stýtt úr 6 árum í 4 ár. Þá er lagt til að ráðherra orkumála skipi einn fulltrúa til setu á fundum stjórnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

Í samræmi við framkvæmd nýja sameignarsamningsins er nú gert ráð fyrir að frá og með 1. júlí 1983 verði eignarhlutur ríkisins í fyrirtækinu áfram 50%, Reykjavíkurborgar 44,525% og Akureyrarbæjar 5,475%. Eru eignarhlutföll þessi niðurstöður mats sem fór fram á vegum eigenda Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar á eignum fyrirtækjanna við gerð nýja sameignarsamningsins og er matsgerðin fylgiskjal hans. Á grundvelli matsgerðarinnar og miðað við verðlag hinn 1. nóvember 1982 er eigið fé Landsvirkjunar, eftir sameininguna við Laxárvirkjun, alls 5 585 626 693 kr., og er þá átt við eignir umfram skuldir, sem skiptist þannig milli eigenda:

	%	Eigið fé 1. 11. 1982 kr.
Akureyri	5,475	305 801 571
Reykjavík	44,525	2 487 011 775
Ríkissjóður	50,000	2 792 813 347
Samtals	100,000	5 585 626 693

Rétt er að geta þess að hér er einungis verið að færa til verðlags 1. nóvember 1982 eigið fé Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar, eins og það reyndist vera hinn 1. nóvember 1980 er eignarhlutföll eigenda voru ákveðin. Þetta er gert í upplýsingaskyni og miðað er við vísitölu byggingarkostnaðar. Til 1. nóvember 1980 var eigið fé hinsvegar fært upp miðað við sérstakar endurmatsaðferðir í áðurgreindri matsgerð sem eigendur urðu sammála um að nota við ákvörðun framangreindra eignarhlutfalla. Framreikningur þessi er hinsvegar ekki í samræmi við bókhaldstölur þar sem í bókhaldinu eru að sjálfsögðu teknar með allar breytingar á tímabilinu, svo sem vegna eignaaukningar, rekstrarafkomu, afskrifta, eiginfjárframlaga og endurmats frá ári til árs samkvæmt gildandi endurmatsaðferðum á hverjum tíma, en þær fylgja ekki alfarið byggingarvísitölu og þarfnast orðið breytinga svo raunhæfar megi teljast.

Í greininni er ekki gerð önnur breyting á ábyrgð eigenda á skuldbindingum Landsvirkjunar en sem leiðir af fjölgun eignaraðila. Þannig er hver eigandi í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Landsvirkjunar.

Þá er eiganda óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hinna og er það hliðstætt því sem gilt hefur.

Um 2. gr.

Tilgangi Landsvirkjunar er hér lýst í samræmi við það hlutverk sem fyrirtækinu var sett með lögnum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965, auk viðbóta sem felast í því að Landsvirkjun rekur meginstofnlínukerfi landsins og ber, eftir því sem hagkvæmt getur talist, að vinna að

Alpt. 1982. A. (105. löggjafarþing).

301

því að raforka komi almennt í stað annarra orkugjafa en ekki aðeins að því er snertir húshitun eins og hingað til. Sérstök áhersla er lögð á að Landsvirkjun hafi með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér að orkusvæði Landsvirkjunar verður landið allt eftir því sem raforkuver hennar og stofnlínukerfi spanna. Við stofnun Landsvirkjunar takmarkaðist starfsemi Landsvirkjunar við öflun orku fyrir þau orkusvæði sem þá tengdust Sogsvirkjun. Í árslok 1974 bættist Snæfellsnes sunnanvert við og 1975 norðanvert Snæfellsnes auk Dalasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu austan Víkur. Á miðju sumri 1976 var 132 kV Norðurlínan tengd til reynslu við kerfi Landsvirkjunar um spennistöð við Andakíl með 66 kV spennu og í nóvember 1977 var Norðurlínan tengd Hvalfjarðarlínu Landsvirkjunar. Síðan tengdist Austurlínan dreifikerfi Norðurlands í desember 1978. Í framhaldi af því var Vesturlína tengd Norðurlínu í október 1980. Samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl., dags. 11. ágúst 1982, tók Landsvirkjun, hinn 1. janúar 1983, við hinum svonefndu byggðalínum af ríkinu til eignar og reksturs og hinn 1. júlí 1983 kemur sameining Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar til framkvæmda og þá jafnframt samruni orkusvæða þeirra. Landsvirkjun hefur ennfremur tekið við byggingu Suðurlínu frá Hólum í Hornarfirði um Prestbakka á Síðu að Sigölduvirkjun sem ætlunin er að ljúka á hausti komanda. Við það lýkur hringtengingu landsins og tekur þá orkusvæði Landsvirkjunar að heita má til landsins alls.

Í greininni er áfram gert ráð fyrir heimild fyrir Landsvirkjun til að kaupa, með samningum, raforkuver og stofnlínukerfi af öðrum aðilum og starfrækja þau.

Verkefni og orkusvæði Landsvirkjunar skulu sem fyrr nánar tilgreind í reglugerð.

Um 4. gr.

Í grein þessari er því slegið föstu að engin breyting verði á eignaraðild Landsvirkjunar að raforkuverum, öðrum mannvirkjum, vatnsréttindum og búnaði sem fyrirtækið hefur eignast fyrir gildistöku laga þessara. Hvað raforkuver snertir er hér átt við Sogsvirkjanirnar, Búrfellsvirkjun, Sigölduvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun auk gufuafllstöðvarinnar við Elliðaár og gasaflstöðvarinnar í Straumsvík. Þá tekur ákvæðið til þeirra háspennulína sem Landsvirkjun hefur byggt eða yfirtekið frá upphafi, þar með taldar byggðalínurnar og hlutaðeigandi aðveitustöðvar eða hlutdeild í þeim samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl., dags. 11. ágúst 1982.

Í grein þessari felst ennfremur að Landsvirkjun haldi sem sinni eign öllum vatnsréttindum og réttindum sem Landsvirkjun hefur öðlast til virkjana í Sogi, í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss samkvæmt 4. gr. laganna um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965.

Í greininni er jafnframt staðfest að hinn 1. júlí 1983 taki Landsvirkjun við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

Um 5. gr.

Í grein þessari er vitnað til þeirra stofnframlaga sem eigendur hafa lagt Landsvirkjun til frá upphafi og þeirra sem þeir láta af hendi rakna samkvæmt sameignarsamningi þeirra frá 27. febrúar 1981 er hann tekur gildi hinn 1. júlí 1983. Stofnframlögin teljast, ásamt eiginfjárframlögum eigenda, til höfuðstóls framlaga sem mynda höfuðstól fyrirtækisins eða eigið fé þess eins og það er á hverjum tíma með leiðréttingum fyrir hagnaði og tapi eftir afkomu fyrirtækisins frá ári til árs svo og endurmatshækkunum eigna.

Eiginfjárframlögin ber að framreikna til verðlags á hverjum tíma og er sem fyrr gert ráð

fyrir að Landsvirkjun greiði eigendum arð af þeim þannig framreiknuðum. Skal arðgreiðsla ákveðin af stjórn Landsvirkjunar sem hundraðshluti framlaganna með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins.

Til ársloka 1982 námu eiginfjárframlögin til Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar alls kr. 288 924 729 á verðlagi 1. nóvember 1982 sem sundurliðast sem hér segir í kr.:

Frá	Til Landsvirkjunar	Til Laxárvirkjunar	Alls
Akureyrarbæ	—	2 484 187	2 484 187
Reykjavíkurborg	142 889 465	—	142 889 465
Ríkissjóði	142 889 465	661 612	143 551 077
			<hr/> 288 924 729

Hér hafa eiginfjárframlögin verið færð til verðlags 1. nóvember 1982 eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Eru hér með talin framlög ríkisins til Landsvirkjunar að fjárhæð kr. 13 341 686 vegna Hrauneyjafossvirkjunar og samskonar framlög Reykjavíkurborgar að sömu fjárhæð, í báðum tilvikum eftir 1. nóvember 1980.

Um 6. gr.

Rétt þykir að fella inn í lög um Landsvirkjun ákvæðin í lögum nr. 60 frá 4. júní 1981 um raforkuver þar sem kveðið er á um að Landsvirkjun reisi og reki Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun og þá að fengnu leyfi ráðherra orkumála samkvæmt 7. gr. Um heimild Landsvirkjunar til að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum raforkuvera sinna sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma, m. a. með stíflugerðum og vatnsveitum og um heimild Landsvirkjunar í þessari grein til að reisa eldsneytisaflostöðvar, fer eftir lögnum um raforkuver.

Í greininni er Landsvirkjun lögð sú skylda á herðar að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu til að tryggja að afl- og orkuþörf viðskiptavina hennar verði ávallt fullnægt svo og að tryggja rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild með því að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns.

Um 7. gr.

Í grein þessari er að finna óbreytt ákvæði frá lögnum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 að því er varðar virkjunarleyfi. Landsvirkjun þarf því sem fyrr leyfi þess ráðherra sem fer með orkumál, til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína.

Um 8. gr.

Í grein þessari er lagt til að stjórnarmönnum verði fjölgað um tvo frá núverandi skipan. Kjörtímabil stjórnar er stýtt úr 6 árum í 4 ár. Með það fyrir augum að styrkja hin embættislegu tengsl milli yfirstjórnar orkumála og Landsvirkjunar er gert ráð fyrir að ráðherra orkumála geti skipað fulltrúa til setu á stjórnarfundum.

Um 9. gr.

Í grein þessari eru óbreytt ákvæði frá lögnum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 um stjórn Landsvirkjunar að því er snertir yfirstjórn fyrirtækisins og um ráðningu forstjóra, áður framkvæmdastjóra, er veiti fyrirtækinu forstöðu og annist allan daglegan rekstur þess. Þá eru ákvæðin um réttindi og skyldur stjórnarmanna og fastráðinna starfsmanna hér tekin upp óbreytt úr Landsvirkjunarlögnum frá 1965.

Um 10. og 11. gr.

Greinar þessar hafa að geyma það nýmæli að halda skuli í aprílmánuði ár hvert sérstakan ársfund Landsvirkjunar. Talið er æskilegt að hafa slíkan samráðsvettvang eigenda og samtaka sveitarfélaga til að ræða um afkomu Landsvirkjunar, áform varðandi framtíðarverkefni, öryggi í orkuvinnslu og raforkuflutningi og atriði er varða raforkuverð. Samkvæmt 10. gr. eiga fjórir menn frá hverjum eiganda að sitja ársfundinn og fjórir frá hverjum hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga, auk stjórnar og forstjóra Landsvirkjunar eins og nánar er kveðið á um í greininni.

Um 12. gr.

Ákvæði í þessari grein um endurskoðun reikninga Landsvirkjunar og ársskýrslu eru óbreytt frá því sem gilt hefur lögum samkvæmt.

Um 13. gr.

Hér er óbreytt ákvæði frá fyrri lögum um að stjórn Landsvirkjunar setji gjaldskrá fyrir Landsvirkjun að fengnum tillögum Þjóðhagsstofnunar, áður Efnahagsstofnunar. Sama er að segja um við hvað skuli miða og að hverju stefnt við ákvörðun gjaldskrárinnar hverju sinni. Þá er hér að finna óbreytt ákvæði um gerð orkusölusamninga, en bætt við nýju ákvæði um að Landsvirkjun geri samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínakerfi fyrirtækisins.

Um 14. gr.

Gert er sem fyrr ráð fyrir því að Landsvirkjun sé heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og skuldbindingum í sama skyni. Í þessari grein er slíka heimild að finna. Til að tryggja ábyrgð eignaraðila á skuldbindingum vegna Landsvirkjunar þarf eins og áður samþykki þeirra hvers fyrir sig hverju sinni, fari skuldbindingar fram úr vissu marki. Til þessa hefur verið miðað við ákveðna upphæð í þessu efni sem ákveðin var 1965, 10 millj. gkr. á ári að meðaltali á hverju 5 ára tímabili. Fjárhæð þessi er nú úrelt þar sem í lögnum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 var ekki gert ráð fyrir að hún fylgdi verðlagsbreytingum, auk þess sem hún þarf að hækka að raungildi ef hún á að hafa raunhæft gildi með hliðsjón af auknum umsvifum fyrirtækisins. Hefur því orðið að ráði að ákveða umrædda viðmiðun um 5% af endurmetnum höfuðstóli (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju.

Þegar samþykki eignaraðila er nauðsynlegt fyrir skuldbindingum samkvæmt ofangreindu er hér kveðið á að samþykki ríkisins sé háð staðfestingu bæði iðnaðar- og fjármálaráðherra. Í framkvæmd hefur iðnaðarráðherra hingað til veitt umræddar staðfestingar í samræmi við eldri lög, en eðli málsins samkvæmt er talið rétt að iðnaðar- og fjármálaráðherra eigi hér sameiginlega hlut að máli.

Um 15. gr.

Ákvæði í grein þessari um heimild til að fella niður aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskatt af efni, vélum og tækjum til virkjana og stofnlína og af eldsneytisafstöðvum eru hliðstæð tilsvarendi ákvæðum í lögnum um raforkuver nr. 60 frá 1981. Hér er hinsvegar aðeins um heimildir að ræða en ekki skyldu, eins og gilt hefur um virkjanir Landsvirkjunar til þessa, sbr. lögum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965. Heimild þessi tekur ekki fremur en áður til gjalda vegna innflutnings vinnuvéla í þágu virkjanaframkvæmda. Hinsvegar er áfram gert ráð fyrir heimild fyrir fjármálaráðherra til að endurgreiða gjöld vegna notkunar vinnuvéla við virkjanaframkvæmdir, og þá með hliðsjón af fyrningu vélanna við slíka notkun.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar um að Landsvirkjun sé undanþegin tilteknum opinberum gjöldum eru hliðstæð því sem gilt hefur til þessa.

Um 17. gr.

Með sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun og yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum og nýjum virkjunum samkvæmt lögunum um raforkuver nr. 60 frá 1981 verður orkusvæði Landsvirkjunar nánast landið allt. Landsvirkjun er því og verður meginorkuöflunarfyrtæki landsmanna og snertir vöxtur þess og rekstur hagsmuni allra landshluta. Það er því talið eðlilegt að gera ráð fyrir vissum möguleikum fyrir útvíkkun á eignaraðildinni að Landsvirkjun frá því sem nú er og verður sameining hennar og Laxárvirkjunar fyrsta skrefið í þá átt. Þannig er í grein þessari kveðið á um heimildir fyrir sýslufélög, sveitarfélög, samtök og sameignarfélög þeirra til að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun að vissum skilyrðum fullnægðum varðandi yfirtöku skuldbindinga og framlög. Verði eignarhlutur ríkisins undir helmingi vegna tilkomu nýs eignaraðila er hér kveðið svo á að ríkisstjórnin skuli þá leggja Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taka að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði áfram helmingseign af hálfu ríkisins.

Leiði fjölgun eignaraðila til þess að nýr eignaraðili eigi jafnan eða stærri hlut en sá aðili sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara er talið rétt að taka skipan stjórnar til endurskoðunar. Er þá hér gert ráð fyrir því að stjórnarmönnum sé fjölgað án þess þó að stjórnarhlutdeild raskist milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hinsvegar.

Um 18. gr.

Samkvæmt grein þessari getur ráðherra á sama hátt og fyrr heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögunum. Um framkvæmdina skal fara eftir lögum nr. 11 frá 1973 um framkvæmd eignarnáms.

Um 19. gr.

Ráðherra orkumála fer samkvæmt grein þessari með mál er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Landsvirkjun eins og verið hefur.

Um 20. gr.

Hér er lögfest að sameignarsamningurinn um Landsvirkjun milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, sem gerður var hinn 27. febrúar 1981, taki gildi hinn 1. júlí 1983 og að þá falli jafnframt úr gildi sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965. Jafnframt eru í grein þessari ákvæði sem fella úr gildi lögin um Landsvirkjun nr. 59 frá 20. maí 1965 með síðari breytingum, lögin um Laxárvirkjun nr. 60 frá 20. maí 1965 og önnur ákvæði í lögum eða reglugerðum sem brjóta í bága við lög þessi.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

- I. Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dagsettur 27. febrúar 1981.
- II. Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl., dagsettur 11. ágúst 1982.

III. Sameiginleg bókun viðræðunefnda ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um niðurstöðu viðræðna um endurskoðun laga um Landsvirkjun, dagsett 28. janúar 1983.

Fylgiskjal I.

Sameignarsamningur milli Ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun.

Ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hér á eftir sameiginlega nefndir eignaraðilar, gera með sér svohljóðandi

Sameignarsamning:

1. gr.

Eignaraðilar staðfesta hér með sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun, og fjallar sameignarsamningur þessi um eignaraðild þeirra að Landsvirkjun og starfssvið hennar eftir sameininguna, sbr. fyrri sameignarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1. júlí 1965, og samkomulag eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun.

Til viðbótar eignarhlutum ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun fyrir sameiningu Laxárvirkjunar við hana koma eftirgreind höfuðstólsframlög til Landsvirkjunar:

1. Ríkissjóður leggur fram eignarhlut sinn í Laxárvirkjun, sem er 35%.
2. Akureyrarbær leggur fram eignarhlut sinn í Laxárvirkjun, sem er 65%.

Eignir Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar eru sýndar í fylgiskjali A. Kemur þar fram sundurliðun eignanna samkvæmt endurmatsverði, sem eigendur fyrirtækjanna hafa komið sér saman um miðað við verðlag 1. nóvember 1980, auk þess sem einnig er sýnt afskrifað endurmatsverð eignanna. Fylgiskjalið er hluti samnings þessa, og samkvæmt því nema eignir Landsvirkjunar eftir sameininguna alls nýkr. 4 311 340 000.- fyrir afskriftir og nýkr. 3 677 240 000.- eftir afskriftir, í báðum tilvikum miðað við 1. nóvember 1980 og samkvæmt téðu endurmati.

Tekið er fram, að spennistöð við Þingvallastræti á Akureyri, sem verið hefur eign Laxárvirkjunar, verður eign Akureyrarbæjar skv. sérstöku samkomulagi.

2. gr.

Til viðbótar greiðslum höfuðstóls og vaxta af eigin lánnum tekur Landsvirkjun að sér greiðslur vegna lána, sem hvíla á Laxárvirkjun. Í fylgiskjali B, sem telst hluti samnings þessa, er að finna tæmandi skrá yfir öll þessi lán og stöðu þeirra hinn 1. nóvember 1980.

3. gr.

Eignarhluti aðila í Landsvirkjun verður sem hér segir:

1. Ríkissjóðs Íslands: 48,40%
2. Reykjavíkurborgar: 45,95%
3. Akureyrarbæjar: 5,65%

Ríkissjóði er heimilt að auka eignarhlut sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð nýkr. 70 137 000.-. Fjárhæð þessi leiðréttist í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

4. gr.

Hver og einn eignaraðila er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Landsvirkjunar eftir sameininguna, en um innbyrðis ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum.

5. gr.

Fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar eiga þess kost að gerast starfsmenn Landsvirkjunar frá og með 1. júlí 1983.

6. gr.

Ef takmarka þarf afhendingu rafmagns á orkuveitusvæði Landsvirkjunar í því skyni að draga úr álagi á orkuver hennar eða orkuveitur um lengri eða skemmri tíma, ákveður stjórn fyrirtækisins á hvern hátt skuli framkvæma þær á hverjum tíma. Gæta skal þess, að þær komi hlutfallslega sem jafnast niður á kaupendur rafmagns til almenningsnotkunar og valdi þeim sem minnstum бага, enda sé gert ráð fyrir sérstökum rétti til takmörkunar á rafmagnsafhendingu í samningum Landsvirkjunar við einstaka kaupendur. Að öðru leyti skulu almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu háspenns rafmagns gilda um afhendingarrof og takmarkanir.

7. gr.

Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá og almenna skilmála um sölu háspenns rafmagns. Í skilmálana skal setja ákvæði um heimild til almennra takmarkana á afhendingu rafmagns, um rekstrartruflanir og rekstrarstöðvanir, skaðabótaskyldu og takmarkanir hennar.

8. gr.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkuveitusvæði sínu svo tryggt verði að afl- og orkuþörf þess verði ávallt fullnægt.

9. gr.

Orkuveitusvæði Landsvirkjunar eru þau svæði, sem aflstöðvar hennar og flutningslínur spanna.

Skil Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja verða hin sömu og eru við gildistöku samnings þessa milli Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar annars vegar og annarra orkufyrirtækja hins vegar.

Afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun eru þessir:

Aflstöðvar fyrirtækisins.

Aðveitustöð við Korpu hjá Reykjavík.

Aðveitustöð við Elliðaár í Reykjavík.

Aðveitustöð á Brennimel í Hvalfirði.

Aðveitustöð við Rangárvelli á Akureyri.

Aðveitustöð ÍSAL í Straumsvík.

Aðveitustöð Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga.

Fjölgun og breyting afhendingarstaða er háð ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar.

Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á framangreindum afhendingarstöðum.

10. gr.

Landsvirkjun annast áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði sínu í samvinnu við Orkustofnun. Sú samvinna skal í aðalatriðum vera þannig að Orkustofnun annist grundvallarathuganir og almennar rannsóknir til undirbúnings ákvarðana um virkjunarstaði, en Landsvirkjun ákveður að fengnum nauðsynlegum heimildum hvar virkjað skuli og hvenær, og hún annast frekari rannsóknir á virkjunarstað, áætlanagerð og framkvæmdir.

Landsvirkjun ber að gera áætlanir til stutts og langs tíma um virkjanaframkvæmdir sínar, fjármögnun þeirra og rekstur fyrirtækisins í heild.

11. gr.

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð á þann hátt, sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma, sbr. núgildandi ákvæði þar að lútandi í 8. og 17. gr. laga um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965.

12. gr.

Fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar eiga rétt á aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé ekki um aðra lífeyrissjóðsaðila að ræða samkvæmt hlutaðeigandi kjarasamningum. Þeir fastir starfsmenn, sem við gildistöku samnings þessa eru aðilar að öðrum lífeyrissjóðum, eiga rétt á að velja á milli áframhaldandi aðildar þar og aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

13. gr.

Heimili og varnarþing Landsvirkjunar skal vera í Reykjavík.

Setja skal á fót svæðisskrifstofu Landsvirkjunar á Akureyri. Skal skrifstofan hafa umsjón með rekstri Landsvirkjunar á orkuveitusvæði hennar norðanlands.

14. gr.

Landsvirkjun greiðir eigendum sínum arð af eiginfjárframlögum, sem þeir hafa lagt fram til Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar og munu leggja fram til Landsvirkjunar. Framlög af þessu tagi til 1. nóvember 1980 eru nánar sundurliðuð á fylgiskjali C, sem er hluti af samningi þessum.

Framlögin skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður stjórn Landsvirkjunar arðgreiðsluna sem hundraðshluta þeirrar fjárhæðar.

Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins.

15. gr.

Sameignarsamningur þessi er gerður með stöð í 17. grein laga um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 og tekur gildi hinn 1. júlí 1983. Fellur þá úr gildi sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1. júlí 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á aðlögunartímabilinu til 1. júlí 1983 skal samræma rekstur Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Í því skyni skulu að jafnaði haldnir mánaðarlegir samráðsfundir fulltrúa fyrirtækjanna um rekstur þeirra. Á sama tímabili og í sama skyni skal jafnframt einn fulltrúi frá stjórn Laxárvirkjunar eiga rétt til setu á stjórnarfundum Landsvirkjunar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.
2. Á umræddu aðlögunartímabili hefur stjórn Laxárvirkjunar með höndum yfirstjórn hennar og ráðstafar m. a. tekjum hennar. Samráð skal þó haft við stjórn Landsvirkjunar um hugsanlegar nýjar framkvæmdir, meiri háttar viðhald og daglegan rekstur, sbr. lið 1. Auk þess mun Laxárvirkjun ekki ráðast í neinar meiri háttar fjárfestingar eða lántökur á aðlögunartímabilinu án samþykkis stjórnar Landsvirkjunar.
3. Akureyrarbær hefur á aðlögunartímabilinu rétt til að greiða Landsvirkjun eiginfjárframlög hlutfallslega við eiginfjárframlög ríkisins og Reykjavíkurborgar eftir nánara samkomulagi þessara aðila.

Á sama tímabili er ríkissjóði heimilt að greiða Landsvirkjun allt að nýkr. 6 182 810.- til að tryggja, að hlutdeild ríkisins í eiginfjárframlögum eigenda til

Landsvirkjunar verði eftir sameiningu hennar og Laxárvirkjunar hlutfallslega sú sama og hlutdeild ríkisins í eignum Landsvirkjunar í heild, komi til þess, að Akureyrarbær neyti framangreinds réttar síns.

Framangreind framlög eigenda skulu koma til samsvarandi aukningar á eigin fé Landsvirkjunar.

Útreikninga á umræddum framlögum er að finna á fylgiskjali D með samningi þessum. Skulu fjárhæðir þeirra leiðréttað í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

4. Landsvirkjun mun halda áfram framkvæmdum, sem nú eru hafnar eða fyrirhugaðar á hennar vegum, svo sem við Hrauneyjafossvirkjun, háspennulínur og vatnaveitur ofan Þórisvatns.
5. Á aðlögunartímabilinu eru aðilar sammála um að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi stjórnarkjörs Landsvirkjunar og nauðsynlegri lögfestingu á samkomulagi þeirra þar að lútandi.

Samningur þessi er gerður í fimm samhljóða eintökum, og er eitt handa hverjum eignaraðila, eitt til Landsvirkjunar og eitt til Laxárvirkjunar.

Reykjavík, 27. febrúar 1981

Með fyrirvara um staðfestingu eignaraðila

F. h. ríkisins	F. h. Reykjavíkurborgar	F. h. Akureyrarbæjar
Tryggvi Sigurbjarnarson.	Davíð Oddsson.	Valur Arnþórsson.
Baldvin Jónsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ingólfur Arnason.
Pálmi Jónsson.	Sigurjón Pétursson.	Helgi Bergs.
Helgi Bergs.	Björgvin Guðmundsson.	Jón G. Sólnes.
	Kristján Benediktsson.	

Fylgiskjal II.

Samningur milli Ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl.

Ríkisstjórn Íslands, hér á eftir nefnd ríkisstjórn, og Landsvirkjun gera með sér svohljóðandi

Samning um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o. fl.

I. kafli. Um virkjanamál.

1. gr.

Með heimild í 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, og 3. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, tekur Landsvirkjun með samningi þessum að sér að reisa og reka sem sína eign eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir frá og með 1. október 1982:

- Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli.
- Virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli.
- Virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Landsvirkjun tekur frá sama tíma við rannsóknnum, hönnun og undirbúningsframkvæmdum þeim fyrir framangreindar virkjanir sem hingað til hafa verið í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar.

Landsvirkjun gætir rétttra fyrir mæla í lögum og í stjórnvaldsákvörðunum lögum samkvæmt varðandi framkvæmdir þessar eftir því sem við á, þ. á m. um framkvæmdaröð, framkvæmdahraða, fjármögnun og nauðsynlegar leyfisveitingar.

2. gr.

Landsvirkjun tekur frá og með 1. október 1982 við réttindum og skyldum virkjunar aðila samkvæmt samningi við heimamenn um Blönduvirkjun, dags. 15. mars 1982.

3. gr.

Áður en rekstur hvernir virkjunar hefst gert samkomulag um greiðslur Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem eru í umráðum ríkisins, hvort sem er vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærilegt því sem almennt er greitt vegna slíkra réttinda. Endurgjaldið má vera sem ein greiðsla eða í formi árlegs afgjalds.

Nái aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindi samkvæmt grein þessari skuldbinda þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna.

Matsmenn samkvæmt grein þessari skulu tilnefndir einn af hvorum aðila og oddamaður tilnefndur sameiginlega. Nái aðilar ekki samkomulagi um tilnefningu oddamanns skal hann tilnefndur af Hæstarétti.

4. gr.

Landsvirkjun tekur að sér að greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins af undirbúningi og rannsóknum fyrir Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun til 1. okt. 1982, sem áætlast þá verða kr. 167 515 000.- á verðlagi 1. júlí 1982, en gerist upp eftir nánara samkomulagi í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Kostnaður þessi greiðist Rafmagnsveitum ríkisins eins og nánar verður samið um, m. a. þannig að Landsvirkjun yfirtaki lán vegna umrædds kostnaðar eða gefi út skuldabréf, sem svara til þeirra.

5. gr.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði þann hluta í kostnaði af undirbúningi og rannsóknum Orkustofnunar vegna Blönduvirkjunar til 1. okt. 1982 að svo miklu leyti sem hann telst vera umfram almennar rannsóknir sem Orkustofnun framkvæmir. Áætlast kostnaður þessi verða hinn 1. okt. 1982 kr. 39 059 000.-, en gerist upp eftir nánara samkomulagi í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði á sama hátt hlutdeild í kostnaði til sama tíma af undirbúningi vegna Fljótsdalsvirkjunar og Villinganesvirkjunar. Áætlast kostnaður þessi verða hinn 1. okt. 1982 kr. 48 818 000.- vegna Fljótsdalsvirkjunar og kr. 9 006 000.- vegna Villinganesvirkjunar.

Greiðslur umrædds kostnaðar skulu tengjast útgáfum hlutaðeigandi virkjanaleyfa.

II. kafli. Um yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínunum.

6. gr.

Landsvirkjun yfirtaki hinn 1. janúar 1983 eftirtaldir 132 kV raflínur í eigu ríkisins til eignar og reksturs:

- Lína Brennimelur — Vatnshamrar — Hrútatunga — Laxárvatn — Varmahlíð — Rangárvellir (svonefnd Norðurlína).
- Lína Rangárvellir — Kröfluvirkjun (svonefnd Kröflulína).
- Lína Krafla — Hryggstekkur (svonefnd Austurlína).
- Lína Hryggstekkur — Djúpvogur — Hólar (svonefnd Suðausturlína).
- Lína Hrútatunga — Glerárskógar — Geiradalur — Mjólká (svonefnd Vesturlína).

7. gr.

Landsvirkjun yfirtaki þann 1. janúar 1983 til eignar og rekstur hlutdeild í eftirtöldum aðveitustöðvum í eigu ríkisins samhliða yfirtöku byggðalína sem hér segir.

Aðveitustöð:	Áætluð hlutdeild Landsvirkjunar miðað við árslok 1981: %
Brennimelur I	97,6
Brennimelur II	92,8
Vatnshamrar	48,6
Hrútatunga	74,3
Laxárvatn	67,8
Varmahlíð	51,7
Rangárvellir	100,0
Hryggstekkur	32,2
Glerárskógar	62,5
Mjólká	34,2

Endanleg eignarhlutdeild Landsvirkjunar í framangreindum aðveitustöðvum hinn 1. janúar 1983 ákvarðast með samkomulagi sem þá skal gert milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins með hliðsjón af viðbótum 1982 og sérstöku kostnaðaruppgjöri, sbr. 10. og 11. gr. og fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Landsvirkjun yfirtekur hinn 1. janúar 1983 50% hlutdeild í raflínusíma, fjarstýringu og stjórnstöð á Akureyri skv. lið III í meðfylgjandi matsgerð á fylgiskjali 2.

8. gr.

Fyrir þær eignir, sem um ræðir í 6. og 7. gr. samnings þessa, greiðir Landsvirkjun ríkissjóði samkvæmt meðfylgjandi matsgerð (á fylgiskjali 2) 437.5 m.kr., sem miðast við verðlag 1. janúar 1982.

Hið umsamda verð greiðir Landsvirkjun þannig:

1. Með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð 211.0 m.kr., vísitölutryggt miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 1982 (304 stig).
Skuldabréfið greiðist með 6 jöfnum árlegum afborgunum. Greiðslur fari fram 1. september ár hvert, hin fyrsta 1. september 1982, þ. e. við útgáfu bréfsins. Lán þetta ber 2% ársvexti sem reiknast frá 1. september 1982.
2. Með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð kr. 108.7 m.kr., vísitölutryggt miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 1982 (304 stig).
— Lánið verði afborgana- og vaxtalaust meðan Landsvirkjun er að greiða skuldabréf skv. lið nr. 1, þ. e. 1982—1987.
— Lánið endurgreiðist á 12 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Greiðslur fari fram 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 1988.
— Lánið ber 2% ársvexti sem reiknast frá 1. september 1987.
3. Hinn 1. júlí 1983 greiði Landsvirkjun 117.8 m.kr., vísitölutryggt miðað við byggingavísitölu 1. janúar 1982 (909 stig) og þá með skuldajöfnun við framlag ríkisins vegna áframhaldandi 50% eignaraðildar ríkissjóðs að Landsvirkjun, skv. 17. gr. laga nr. 59/

1965, um Landsvirkjun, og 3. gr. sameignarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dags. 27. febrúar 1981.

9. gr.

Landsvirkjun yfirtekur byggðalínur og aðveitustöðvar samkvæmt 6. og 7. gr. í því ástandi sem þær eru hinn 1. janúar 1983 og Landsvirkjun hefur kynnt sér, m. a. af þeim skoðunar- og úttektarskýrslum, sem fyrir hendi eru hjá Rafmagnsveitum ríkisins, svo og í skoðunarferðum.

III. kafli. Um yfirtöku Landsvirkjunar á stofnlínum og aðveitustöðvum í byggingu eða undirbúningi.

10. gr.

Landsvirkjun yfirtekur til eignar og reksturs að hluta eða öllu leyti eftirtalin mannvirki til flutnings á raforku sem nú eru í byggingu og undirbúningi á vegum Rafmagnsveitna ríkisins:

- a. Raflína 132 kV Hólar — Prestbakki — Sigalda (svonefnd Suðurlína).
- b. Aðveitustöð í byggingu að Geiradal í Barðastrandarsýslu.
- c. Aðveitustöð í byggingu að Teigarhorni við Djúpavog.
- d. Aðveitustöð í byggingu að Hólum við Hornafjörð.
- e. Aðveitustöð í undirbúningi að Prestbakka á Síðu.
- f. Stækkun aðveitustöðvar í undirbúningi að Sigöldu.
- g. Stækkun aðveitustöðvar að Rangárvöllum við Akureyri.
- h. Stækkun aðveitustöðvar að Vatnshömrum í Borgarfirði.
- i. Stækkun aðveitustöðvar að Hryggstekk í Skriðdal.
- j. Aðrar framkvæmdir vegna byggðalína sem samkomulag verður um.

11. gr.

Landsvirkjun yfirtekur hinn 1. janúar 1983 til eignar og reksturs mannvirki samkvæmt 10. gr. sem nú eru í byggingu eða undirbúningi, og ákvarðast eignarhlutdeild Landsvirkjunar í mannvirkjum þessum samkvæmt nánara samkomulagi Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar, sbr. fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör. Greiðir Landsvirkjun ríkissjóði hlutdeild fyrirtækisins í kostnaði við framkvæmdir þessar til 1. janúar 1983 sem áætlast þá verða kr. 103 487 000.- á verðlagi 1. júlí 1982, en gerist upp eftir nánara samkomulagi aðila í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör. Verði ekki samkomulag um annað fer greiðsla þannig fram að Landsvirkjun yfirtekur lán Rafmagnsveitna ríkisins vegna þessara mannvirkja eða gefur út skuldabréf sem svara til þeirra lána.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

12. gr.

Orkuveitusvæði Landsvirkjunar verður óbreytt til 1. janúar 1983. Til þess tíma gildir samningur Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, dags. 1. júlí 1981, um sölu Landsvirkjunar á rafmagni til Vesturlands, Vestfjarða, Norður- og Austurlands, en fellur að því búnu úr gildi. Frá og með 1. janúar 1983 verða afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun:

- a. Aflstöðvar Landsvirkjunar.
- b. Aðveitustöðvar samkvæmt 7. gr. samnings.
- c. Aðveitustöð við Elliðaár í Reykjavík.
Aðveitustöð við Korpu við Reykjavík.
Aðveitustöð við Laxárvirkjun (frá 1. júlí 1983).

d. Aðveitustöðvar samkvæmt liðum b.—f. í 10. gr. verða afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun jafnóðum og byggingu þeirra lýkur.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður fjölgun og breytingu afhendingarstaða, og er Landsvirkjun heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja orkuver sín við landskerfið og bæta við þær eftir þörfum.

Frá og með 1. janúar 1983 skal sama gjaldskrá gilda um afhendingu rafmagns frá Landsvirkjun á ofangreindum afhendingarstöðum.

13. gr.

Landsvirkjun gerir rafmagnssölusamninga við almenningrafveitur svo og samrekstrar-samninga við rafmagnsframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi Landsvirkjunar.

14. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun gera með sér sérstakt samkomulag um starfsmannamál.

15. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins munu annast þjónustu fyrir Landsvirkjun við byggðalínur, aðveitustöðvar og stjórnstöðina á Akureyri samkvæmt sérstökum samningi sem gera skal fyrir 1. janúar 1983.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila, og skal hvort fyrir sig teljast fullgilt frumrit sammings þessa.

Reykjavík, 11. ágúst 1982.

F. h. Landsvirkjunar
með fyrirvara um
samþykki eignaraðila.

Jóhannes Nordal.
Birgir Ísl. Gunnarsson.
Guðmundur Vigfússon.
Valur Arnþórsson.

Samþykkt
f. h. ríkisstjórnarinnar
Iðnaðarráðuneytinu
21. september 1982

Hjörleifur Guttormsson.

F. h. ríkisstjórnar Íslands
með fyrirvara um samþykki
hennar.

Tryggvi Sigurbjarnarson.
Helgi Bergs.
Kristján Jónsson.

Samþykkt á
fundi borgarstjórnar
Reykjavíkur
16. september 1982

Davíð Oddsson.

Fylgiskjal III.

Sameiginleg bókun viðræðunefnda ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um niðurstöðu viðræðna um endurskoðun laga um Landsvirkjun

Nefndir sem skipaðar voru af iðnaðarráðherra, borgarráði Reykjavíkurborgar og bæjarstjórn Akureyrarbæjar til að eiga viðræður f. h. eignaraðila um endurskoðun laga um Landsvirkjun hafa orðið sammála um meðfylgjandi frumvarp til laga um Landsvirkjun.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að lögfasta sameignarsamning ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun sem dagsettur er í Reykjavík 27. febrúar 1981 og gera þær breytingar á lögunum sem nauðsynlegar eru vegna hins breytta hlutverks og starfssviðs Landsvirkjunar samkvæmt þeim samningi svo og samningi þeim milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl. sem undirritaður var í Reykjavík hinn 1. ágúst 1982.

Í greinargerð með frumvarpinu er gerð grein fyrir aðdraganda endurskoðunarinnar og helstu nýmælum samkvæmt frumvarpinu, auk þess sem skýringar eru við einstakar greinar þess.

Reykjavík, 28. janúar 1983.

F. h. ríkisins
með fyrirvara um
samþykki ríkis-
stjórnar:

Tryggvi Sigurbjarnarson.
Helgi Bergs.
Kristján Jónsson.

F. h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara
um samþykki borgar-
stjórnar:

Davíð Oddsson.
Sigurjón Pétursson.
Kristján Benediktsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.

F. h. Akureyrarbæjar
með fyrirvara um samþykki
bæjarstjórnar:

Valur Arnþórsson.
Jón G. Sólnes.
Helgi Bergs.

Vottar:

Björn Friðfinnsson.
Halldór J. Kristjánsson.